



FLUGSTOÐIR

ISAVIA

Flugslysaæfingin Þórshöfn 2009



Lokaskýrsla



Efnisyfirlit

| Efni | Bls. |
|---|------|
| Efnisyfirlit | 3 |
| Inngangsorð | 4 |
| Orðskýringar | 6 |
| Almennt um framgang æfingarinnar | 7 |
| Vettvangsstjórn / Gæslustjóri → Ágúst Svansson | 11 |
| Flutningastjóri → Ásgeir Kristjánsson | 13 |
| Heilbrigðisþjónustan Þórshöfn-Raufarhöfn Björgunarsveitin Hafliði Þórshöfn Rauði kross Íslands Þórshöfn → Bára Benediktsdóttir | 14 |
| Heilsugæsla, sjúkraflutningar. → Ásta Laufey Þórarinsdóttir | 16 |
| Slökkvistörf/Björgun á slysavettvangi → Ingimar Eydal | 18 |
| Starfsmenn Þórshafnarflugvallar → Sólveig Sveinbjörnsdóttir | 19 |
| Slökkviliðsstjóri og Björgunarstjóri → Steinn Karlsson og Axel Gunnarsson | 20 |
| Rauði krossinn, vinna á söfnunarsvæði slasaðra. → Jón Brynjar Birgisson, Guðný Björnsdóttir | 22 |
| Rauði krossinn → Sóley Vífilisdóttir | 23 |
| Björgunarsveitin Hafliði (með Bjsv. Pólstjörnunni) → Guðni Hauksson | 25 |
| Fundargerð rýnifundar → Kristján Torfason | 27 |



Þessi skýrsla er gefin út af Flugstöðum ohf. en efnisyfirlitið hér að ofan gefur til kynna hverjir eru höfundar einstakra kafla.

Umsjónarmenn með útgáfu þessarar skýrslu eru:

Kristján Torfason kristjan@flugstodir.is og Bjarni Sighvatsson bjarnis@flugstodir.is



Inngangsorð.

Daganna 15-18.apríl, var haldin flugslysaæfingin Þórshöfn 2009.

Æfingin var liður í því skipulagi Flugstoða ohf. að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á flestum áætlunarflugvöllum landsins. Síðast var haldin flugslysaæfing á Þórshafnarflugvelli 2003

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna af höfuðborgarsvæðinu, svokallaður ráðgjafahópur.

Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið. Fjöldi ráðgjafa ræðst að nokkru af umfangi / fjölda þeirra sem taka þátt í æfingunni.

Heildarskipulag hvernar æfingar byggist á viðbragðsáætlun, sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Flugstoðir gefur út fyrir hvern flugvöll og kallast flugslysaáætlun viðkomandi vallar.

Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir var er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Að þessu sinni var verkefnið að nokkru leiti langt í hendur heimamanna sem fóru yfir fyrstu drög að áætlun og fínþússuðu þau. Það að þessi hópar sitji og fari yfir áætlunina saman gafst vel.

Rétt er að benda á að þótt æfingin beinist einkum að hagsmunum flugfarþega þá nýtist æfingin ekki síður í hverri þeirri vát sem snert gæti viðkomandi bæjarfélag og tæki til fjölda manna, hvort sem um væri að ræða bruna, snjóflóð, rútuslys eða aðra vát.

Nú ganga æfingar sem þessar ekki út á það að kenna viðbragðsaðilum það sem þeir kunna fyrir, heldur er aðaláherslan lögð á að þessir hópar læri að vinna saman og myndi eðlilegt flæði sem byggist upp á stjórnun vettvangs og umhverfi hans, björgun á slysstað, aðhlynningu við slysstað, fyrstu greiningu, flutning á söfnunarsvæði slasaðra, ummönnun þar og að lokum flutningi á sjúkrahús, fjöldahjálparstöð eða annað eftir atvikum.

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar. Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Oft er farið út í nokkrar fjárfestingar á hlutun sem menn telja vanta til þess að eining þeirra geti staðið undir væntingum.

Það er því ljóst, að oft er nokkuð lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfbærliða, nyti þeirra ekki við, yrði harla lítið úr flugslysaæfingum.

Engin æfing verður betri en áhugi þátttakenda segir til um. Þessi æfing heppnaðist í mjög vel og það er ykkur að þakka.

Flugstoðir og þeir ráðgjafar sem komu að æfingunni vilja þakka þátttakendum fyrir ánægjuleg viðkynni og þann áhuga sem æfingunni og undirbúningi hennar var sýndur.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa einfalda og auðlesna. Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

Að draga fram hvað vel fór á viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og dragi af því lærdóm..

Að draga fram hvað betur hefði mátt fara á viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr...

Orðskýringar.

Ráðgjafahópur.

Ráðgjafahópur er hópur fólks af Reykjavíkursvæðinu og frá Akureyri sem hefur aflað sér sérþekkingar á sviði hópslysaviðbúnaðar, hver á sínu sviði. Hópurinn mætir á þann stað þar sem halda á æfingu, tryggir heimamönnum ákveðna fræðslu og aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu æfingarinnar. Á æfingunni sjálfri eru þeir eftirlitsmenn og ráðgjafar og eru staðsettir þar sem sérþekking þeirra kemur að mestum notum.

Aðgerðarstjórn.

Aðgerðarstjórn fer með yfirstjórn aðgerða og er oftast staðsett á lögreglustöð staðarins eða aðsetri almannavarna. Hana myndar hópur staðarmanna þar sem hver og einn starfar vegna þekkingar eða tengsla við viðbragðshópa starfshópa. Til dæmis fulltrúar löggæslu, björgunarsveita, heilbrigðismála, vegamála, slökkvímála og fleira í þeim dúr. Yfirmaður hópsins er lögreglustjóri staðarins eða fulltrúi hans. Verkefni aðgerðarstjórnar er að hafa heildaryfirlit yfir aðgerðirnar, útvega bjargir, sjá um flutning sjúklinga úr héraði, samræma aðgerðir í héraði og vera tengiliður samræmingarstjórnar í miðstöð almannavarna í Skógarhlíð í Reykjavík.

Vettvangsstjórn.

Vettvangsstjórn er lítill hópur fagmanna (oft 2-5) er aðgerðarstjórn skipar til þess að fara með stjórnun aðgerða á (slysa)vettvangi. Vettvangsstjórn sem starfar oftast nærri vettvangi, upplýsir aðgerðarstjórn um gang mála, skipar verkþáttarstjóra eftir atvikum, útvegar bjargir og mannskap og tekur aðrar ákvarðanir er lúta að framgangi aðgerða á vettvangi.

Verkþáttastjórar.

Verkþáttastjórar eru undir stjórn vettvangsstjórnar. Þeir sjá um sjálfstæð verksvið, fá bjargir og ráð hjá vettvangsstjórn og upplýsa hana um gang mála.

Björgunarstjóri stjórnar björgunarstörfum á vettvangi, slökkvistörfum, frumgreiningu og leit að fólki.

Aðhlyningarstjóri stjórnar greiningarstöð, sér um sjúkra- og fjöldahjálp, forgangsroðun sjúklinga og ákveður flutning þeirra.

Gæslustjóri sér um lokun og verndun innri svæða (slysstaðurinn) og lokun ytri svæða, umferðastjórnun og almenna gæslu.

Flutningastjóri sér um móttöku bjarga og ákveður biðsvæði, bæði skráningu og skipulagningu. Hann sér um flutning slasaðra af skaðasvæði í greiningu og á sjúkrahús eða annað eftir ákvörðun aðhlyningarstóra.

Lausnaraðilar.

Lausnaraðilar eru allir þeir viðbragðsaðilar heimamanna sem að aðgerðum og lausnum mála koma og vinna beint og óbeint undir stjórn aðgerðar- og vettvangsstjórna. Dæmi um lausnaraðila eru: slökkviliðsmenn, björgunarsveitir, lögregla, heilbrigðisfólk, Rauði krossinn og margir fleiri.

Samhæfingarstöð.

Samhæfingarstöð almannavarna er staðsett í Skógarhlíð í Reykjavík. Verkefni samhæfingarstöðvarinnar er að aðstoða t.d. aðgerðarstjórnir á landsvísu, útvega hverskins bjargir og samræma störf aðgerðarstjórna þegar umfang aðgerða krefst þess. Hana manna fólki með sérþekkingu á ýmsum sviðum er snerta björgunarmál svo og fulltrúar ýmissa opinberra stofnanna.

Almennt um framgang æfingarinnar.

Flugslysæfingin, Þórshöfn 2009 gekk í flestu vel. Ekki gallalaus, enda slíkar æfingar ekki haldnar, en í höfuðatriðum gekk hún með ágætum. Það má skipta sýn á svona æfingu í tvo hluta. Annarsvegar hvernig tókst samvinna og samstarf viðbragðsaðila annarsvegar og hinsvegar hvernig tókst að vinna úr því verkefni að bjarga mannlífum.

Nú er það verkefni ráðgjafana að gefa skýrslu um gang mála en frá mínum sjónarhól (en ég var mest á söfnunarsvæði slasaðra-SSS) gekk samstarf og rennsli æfingarinnar býsna vel. Fjarskiptin virtust ganga þokkalega. Tetra var ráðandi, fjarskiptaskipulag einfalt og gott og alltaf náðist samband. Einnig voru tiltölulega fáar stöðvar í notkun. Á mjög mörgum æfingum hafa komið fram hnökrar á fjarskiptum en þarna voru þeir með allra minnsta móti. Ég þakka það Tetrakerfinu.

Á söfnunarsvæðinu var skortur á aðstoðarfólki að minnsta kosti til að byrja með. Þetta hefur nánast alltaf gerst. Menn beina athyglinni fyrst og fremst á slysavettvang og mest allt aflið fer þangað en þegar slasaðir byrja að koma inná SSS þá þarf margar hendur þar til áverkamats og ummönnunar og þær vill skorta. En um leið og sjúklingar koma á SSS þá ætti álagið að minnka á vettvangi en þá verður aðhlyningarstjóri að vera grimmur að kalla eftir aðstoð í gegnum vettvangsstjórn. Ég held að aðhlyningarstjóri hefði þurft að fá meiri aðstoð á æfingunni. Ekki er hægt annað en hrósa aðhlyningarstjóra fyrir yfirvegaða og fuðlausa stjórn á söfnunarsvæðinu.

Hvað varðar björgun mannlífa þá er erfiðara fyrir mig að dæma.

Þegar einn læknir, tveir hjúkrunarfræðingar og nokkrir aðstoðarmenn fá í hendur sex til sjö stórslasaða einstaklinga, jafnmarga minna en allmikið slasaða auk jafnstórs hóps minna slasaðra, þá hlýtur verkefnið í raun að vera yfirþyrmandi.

Við svo mikið álag á fáa, munar að sjálfsögðu um það að vera ekki með lærða sjúkrabílstjóra á söfnunarsvæðinu en þeir heimamenn sem sáu um þá þjónustu eru hættir störfum.

Varðandi vettvanginn sjálfan get ég lítið sagt um enda var ég lítið þar, sá reyndar dálítið með sjónauka úr flugturninum vísa í aðrar skýrslur ráðgjafa.

Nokkrir punktar:

Vatn kláraðist fljótt af slökkvibíl. Þetta skrifast á reynslu- og æfingaleyfi í notkun monitors. Þetta er einfalt að leysa með frekari og reglulegum æfingum.

Verra var að aðgangur að vatni er enginn. Bíllinn þurfti að fara niður í bæ til að komast í brunahana og koma til baka og hætt við að lítið hefði verið eftir af flaki ef alvara hefði verið á ferðum. Ljóst er að þetta vandamál þarf að leysa.

Pótt menn hafi notað gamla flugvallarslökkvibílinn til að glíma við eldinn á meðan þá mun hann hverfa fljótlega og er því enginn framtíðarlausn sem varaafli.

Þegar gripið var til gamla slökkvibílsins mátti sjá að þau sem voru að slökkva voru um tíma í basli vegna þess að þau gátu ekki nálgast eldvettvanginn nógu mikið vegna þess að slangan náði ekki. Engum datt í hug að færa bílinn til um nokkra metra þrátt fyrir að mannskapur væri allt í kring.

Menn mega ekki fara í þann gír að “þau hafi verið að sinna sínu verkefni”. Allir eiga að vinna saman að lausn verkefna og eiga ekki að þurfa sérstaka skipun til þess að leysa þau verkefni sem við blasa.

Aðhlyningarstjóri var í blússu merktri heilbrigðisþjónustu. Þetta dugar vel meðan fátt er á söfnunarsvæði en ef utanaðkomandi fólk væri komið sem ekki þekk til heimamanna þá gæti verið erfitt að greina hver stjórnar.

Lausnin er vestri með áberandi merkingu.

Á tímabili voru tveir með talningarspjöld að vinna sama verkið á SSS. Svo sem ekki neitt stórmál en viðkomandi hefðu mátt spyrja hvort annað, hvað hinn væri að gera.

Þegar að leið á æfinguna urðu mikil þrengsli á SSS. Bæði er að gólfplássið er takmarkað og einnig að alltof margt fólk var í flugstöðinni, bæði ráðgjafar og gestir. Vinnuaðstaða hjálparfólks var orðin erfið þegar sjö börur voru komnar á gólfið og lítið var eftir af gólfplássi.

Ráðgjafar verða að sjá til þess að þegar pláss er takmarkað eða að gestir eru margir, að koma þeim út þannig að aðstoðarfólk sjúklinga hafi nægt olnbogaráymi til að sinna störfum sínum.

Æfingunni lauk þegar að Samhæfingarstöðin í Reykjavík hafði útvegað og sent, á pappírnum, nægilega margar flugvélar til þess að taka alla alvarlega slasaða og hinir minna slösuðu höfðu einnig fengið úrlausn.

Í raunveruleikanum hefði álagið á heimamenn ekki varað jafnlengi og æfingin tók. Aðstoð hefði verið komin víða að, sem hefði létt verulega á heimamönnum.

Heimamenn sýndu mikinn áhuga við undirbúning og framkvæmd æfingarinnar. Það skilaði sér í góðum vinnubrögðum og úrlausnum.

Lagt var upp með að æfingin ætti að framkvæmast á “gönguhraða” það er að litlu máli skipti hve langan tíma tæki að leysa málin. Meiru skipti að vinna saman að lausn verkefna og leita frekar bestu lausna en skjótustu.

Nú þegar þið fáið þessa skýrslu í hendur þá er æfingunni að sönnu lokið, allur undirbúningur sem í hana fór virðist fjarri. En eftir stendur að ýmis atriði gengu vel og þið funduð góðar lausnir á vandamálum. Eins voru hlutir sem ekki gengu sem best og bæta má eða finna betri lausnir á. Þetta eru lærdómsatriði æfingarinnar. Nú er boltinn hjá ykkur. Nú er tíminn til að skipuleggja og framkvæma það sem bæta þarf. Ekki bíða eftir næstu æfingu.

Flugstoðir og ráðgjafar þakka öllum þeim sem þátt tóku í æfingunni fyrir þátt þeirra í henni og fyrir mikinn áhuga og ánægjuleg viðkynni.

Bjarni Sighvatsson, æfingastjóri.



Flugslýsaæfing Þórshöfn 2009 - Skýrsla ráðgjafa

| | |
|---|---------------------|
| 1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) | Ráðgjafi/ar: |
| Vettvangsstjórn / Gæslustjóri | Ágúst Svansson LRH |

| |
|--|
| 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni |
| Lögreglan, slökkvilið og björgunarsveitir |

| |
|---|
| 3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð? |
| Á vettvangi og í vettvangsstjórn |

| |
|---|
| 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum. |
| Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: <i>Ég tel að það hefði átt að hafa aðgerðarstjórn með í æfingunni, því þá hefði hún verið raunverulegri.</i> <i>Baskipulag sá um að leika aðgerðarstjórn.</i> <i>Það þyrfti að endurskoða samskipti milli aðhlyningarstjóra og vettvangsstjóra því það vettvangsstjórn er mikið að bera á milli til aðgerðarstjórnar. Úrlausn er að aðhlyningarstjóri verði einnig í sambandi við aðgerðarstjórn.</i> |

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

| |
|--|
| <i>Það er nauðsynlegt að allar upplýsingar, tilkynningar sem fara fram í fjarskiptum séu skýrar, því það mátti heyra á milli verkþáttastjóra að smá hnökrar voru þar.</i> <i>Það er nauðsynlegt fyrir verkþáttastjóra að þeir kynni sér vel hlutverk sitt og læri vel hvað SÁBF er.</i> <i>Ég tel að samstarf milli viðbragðsaðila sé gott en enn má gera betur með því að vinna daglega í skipulagi m.a. SÁBF. Því þá kemur það ekki á óvar ef slys verður í stærra lægi og þá þurfi að virkja SÁBF.</i> <i>Síðan er nauðsynlegt að vettvangsstjóri og verkþáttastjórar geri sér góða gátlista fyrir dagleg störf og samstarf.</i> |
|--|

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Mér fannst allir verkþáttastjórnar, vettvangsstjóri og allir aðrir sýna þessari æfingu mikinn áhuga og metnað.

Á kynningafundinum sem var haldinn fyrir þátttakendur þar sem fjórar vinnustöðvar (kynningar) voru settar upp sýndu allir mikinn áhuga og voru allir mjög jákveðnir.

Vettvangsstjóri skipulagði sig nokkuð vel fyrir æfingadaginn og sýndi það sig á æfingunni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Vettvangsstjóri var nokkuð ákveðinn í æfingunni sem sýndi það að vettvangsstjórn vann vel saman. Öll samskipti til verkþáttastjórn gekk vel.

Gæslustjóri sá vel um skráningu frá slysstað og upplýsti vettvangsstjórn.



Flugslýsaæfingin Þórshöfn 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

| | |
|------------------------|--------------------------|
| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar: |
| Flutningastjóri | Ásgeir Kristjánsson |

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Björgunarsveitamenn, sjúkraflutningamenn, slökkviliðið, vetvangsstjóri, gæslustjóri, björgunarstjóri og aðhlynningarstjóri.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í flugvallarbyggingu.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fræðsla hefði mátt vera meiri, en hún var mjög góð, það sem hún var.

Meiri áherslu hefði mátt leggja á fræðslu hvað varðar fjarskipti.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Æfingin gekk vel fyrir sig.

Flutningstæki voru, 2 sjúkrabílar, 2 björgunarsveitabifreiðir, smárúta og 2 einkabílar. Var það nægileg flutningsgeta.

Sambandsleysi var við annan sjúkrabílinn.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Góður undirbúningur en hefði mátt vera meiri.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Ánægður með æfinguna.

Mjög gott að halda slíkar æfingar og það er greinilegt að þær eru að skila sínu, aðilar eru að vinna betur saman. Fögnum því að áframhald skuli eiga að vera á æfingum og hafa þær örur.

Flugslysaæfingin Þórshöfn 2009- Skýrsla ráðgjafa

| | |
|---|--|
| 1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) | Ráðgjafi/ar: |
| Heilbrigðisþjónustan Þórshöfn-Raufarhöfn Björgunarsveitin Hafliði Þórshöfn Rauði kross Íslands Þórshöfn | Bára Benediktsdóttir Verkefnastjóri neyðarþjónustu LSH |

| |
|--|
| 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni |
| Heilbrigðisgeirinn Þórshöfn, Björgunarsveitin Hafliði, Rauði kross Íslands Þórshöfn. |

| |
|---|
| 3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð? |
| Vettvangur og söfnuarsvæði slasaðra (SSS). |

| |
|--|
| 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum. |
|--|

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það þarf að efla kennslu og þjálfun heilbrigðisstarfsfólks í notkun TETRAstöðva.

Fjarskiptaskipulag þarf að endurskoða og taka á þáttum eins og fjarskiptum aðhlyningarstjóra við AS og SST.

Gott hefði verið að hafa sér fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsmenn.

Merkja þarf stjórnendur betur.

Birgðastjórn hefði mátt vera betri inni á SSS.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Koma þarf á betri samskiptum á milli læknis sem er á vettvangi og SSS og einnig að læknir geti haft samband inn á viðkomandi heilsugæslustöð eða sjúkrahús.

Vantaði talsvert af mannafla inn á SSS strax í upphafi og langt fram á æfinguna.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Bráðaflokkun og umönnun sjúklinga gekk vel á vettvangi.

Umönnun sjúklinga á SSS var góð.

Samstarf eininga gekk mjög vel.

Samhæfing á milli viðbragðsaðila var góð.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Heilbrigðisgeirinn, björgunarsveitin og RKÍ leystu verkefnið sem fellur undir fjölda- og sjúkrahjálp mjög vel.

VEL ÞARF AÐ FARA YFIR ÖLL FJARSKIPTI



Flugslysaæfingin Þórshöfn 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

| | |
|--------------------------------|----------------------------|
| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar: |
| Heilsugæsla, sjúkraflutningar. | Ásta Laufey Þórarinsdóttir |

| |
|--|
| 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni |
| Sjúkraflutningamenn, læknir, hjúkrunarfræðingar og skrifstofustjóri. |

| |
|--|
| 3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð? |
| Í flugstöð, var í hlutverki aðhlyningarstjóra. |

| |
|--|
| 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum. |
|--|

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Allur undirbúningur var góður, e.t.v. hefði verið gott að taka meiri tíma í notkun á búnaði og fara yfir fjarskipti með öllum hópnum.

? hvort betra hefði verið að taka heilbrigðisstarfsmenn og sjúkraflutningamenn sér einhvern tíma.

Aðeins var um endurtekningar í undirbúningnum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Við vorum í öllum megin atriðum ánægð með æfinguna og greinilegt er að þessar æfingar eru að skila sér í betri samhæfingu þeirra sem að þeim koma.

Samskipti milli slysavettvangs og SSS voru ekki nægilega góð eftir að læknir fór af slysavettvangi. Í upphafi æfingarinnar fór læknir á slysstað og var í tetra samskiptum við aðhlyningarstjóra. Eftir að læknir fór af slysavettvangi þá vantaði samband milli aðhlyningarstjóra og hjúkrunarfræðings, sem tók við stjórnun á slysavettvangi.

Við hefðum getað leyst þetta auðveldlega með því að læknir hefði skilið tetra-stöðina eftir hjá hjúkrunarfræðingi.

Betra flæði hefði mátt vera úr greiningunni í söfnunarsvæðið og aftur af söfnunarsvæðinu í flutning vegna skorts á mannskap.

Taka hefði átt í upphafi búnað (súrefni, umbúðir og fl.) úr sjúkrabifreiðunum til notkunar á SSS.

Það vantaði upp á færanleika hjálparliðs. Á sama tíma og vantaði á SSS voru R.K.Í. starfsmenn á lausu á slysstað. Svo virtist sem R.K.Í. hefðu verið sambandslitlir þar.

Aðhlyningarstjóri var ómerktur framan af æfingunni.

Úrbætur: bæta merkingu þessa starfsmanns.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Okkar hópur var yfir heildina ánægður með æfinguna og fannst hún ganga vel. Flæðið var gott fyrir utan það sem áður hefur verið greint frá.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:



Flugslysaæfing Þórshöfn 2009- Skýrsla ráðgjafa

| | |
|---|---------------------|
| 1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) | Ráðgjafi/ar: |
| Slökkvistörf/Björgun á slysavettvangi | Ingimar Eydal |

| |
|--|
| 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni |
| Flugvallarverðir, slökkvilið. |

| |
|---|
| 3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð? |
| Á vettvangi. |

| |
|--|
| 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum. |
| Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: <i>Bæjarslökkviliðið mætti æfa sig oftar. Þarf frekari æfingar á nýjan slökkvibíl, æfingar á monitor. Froðutankur á alltaf að vera fullur!</i> <i>Bæjarslökkvilið þyrfti að fá frekari fræðslu í meðhöndlun slasaðra. T.d. First Responder námskeið (sjá vef Sjúkraflutningaskólans www.ems.is).</i> <i>Smávægilegar úrbætur fyrir klippuvinnu, eiga segl undir búnað. Æfa klippuvinnu með leiðbeinanda.</i> |

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

| |
|---|
| <i>Í upphafi var slökkvibíll ekki rétt staðsettur miðað við vind og of langt frá eldsvæði. Talsvert af slökkviefni fór til einskis.</i> <i>Eftir að staðsetning var löguð. Þá var Monitor notaður of lengi, bíll var vatnslaus áður en hægt var að hefja slökkvistarf með handlínunum.</i> <i>Aðeins vantaði upp á skipulag og hlutverkaskipti hjá slökkviliðsmönnum á vettvangi.</i> |
|---|

| |
|---|
| 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel. |
| Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: Mikill áhugi og jákvæðni. Góð þátttaka í undirbúningi og fræðslu. Búnaður góður og vel skipulagður. |

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

| |
|--|
| Hlífðarbúnaður rétt notaður, slökkvistarf gekk vel eftir að meira vatn kom á staðinn. Klippivinna gekk vel og menn gáfust ekki upp þrátt fyrir erfitt verkefni. |
|--|

Flugslysaæfingin Þórshöfn 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

| | |
|---------------------------------|------------------------------|
| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar: |
| Starfsmenn Þórshafnarflugvallar | Sólveig Sveinbjörnsdóttir |

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Starfsmaður Flugstoða og Starfsmaður Flugfélags Íslands.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á vettvangi og í flugstöð

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Starfsmaður Flugfélagsins fékk ekki boð frá 112 þrátt fyrir ítrekun til þeirra um morguninn.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Turnmaður kom ekki nógu skýrum skilaboðum til starfsmanns Flugfélags.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Vitum ekki um nein stórvægileg mistök sem gerðust né vandamál sem komu upp.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Vöntun var á bakbrettum, spurning um að eiga nokkur slík hér á vellinum í staðinn fyrir þær börur sem eru til hér . Þær börur eru með segli og virtist sem björgunarmenn vildu síður nota þær.

Flugslysaæfingin Þórshöfn 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

| | |
|---------------------------------------|------------------------------------|
| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar: |
| Slökkviliðsstjóri og Björgunarstjóri. | Steinn Karlsson Axel Gunnarsson |

| |
|--|
| 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni |
| Slökkvilið Langanesbyggðar. |

| |
|--|
| 3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð? |
| Björgunarstjóri á vettvangi. |

| |
|--|
| 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum. |
| Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: <i>Mætti gefa hópnum meiri tíma síðasta kvöldið við æfingar í flokkun og frágang á slösuðum á bretti og börur.</i> |

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Æfa þarf betur vinnu með monitor með tilliti til vatnsmagns á tanki slökkvibífið sem er einungis 3000 lítrar. Nokkurn tíma tók að gera vettvang tryggan þannig að flokkun slasaðra gæti hafist og úr því þarf að bæta. Björgunarstjóri upplifði það að seinlegt og erfitt hefði verið að fá upplýsingar um flokkun og fjölda slasaðra og var það kanski vegna þess að þrír menn frá mismunandi hópum voru við flokkun og var það ekki æft eða farið yfir í undirbúningi, en líklega mundi þetta ganga betur í alvörunni. Þess má geta að enginn brunahani er í nágrenni flugvallarins og því mjög erfitt er með vatnsöflun, slökkvibíll þarf að keira um 2,5 km til að komast í brunahana og það er óviðunandi fyrir Slökkviliðið. Þess má geta að þegar æfingin fór fram var engin starfandi Sjúkraflutningamaður við Heilsugæsluna á Þórshöfn og voru sjúkrabílar mannaðir með starfsmönnum frá Raufarhöfn, og er sjúkrabíll í neyðarakstri 40 mínútur frá Raufarhöfn.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Flokkunarkerfi einfalt og skilvirkt.

Æfingar og fræðsluefni gott.

Einnig má þess geta að ráðgafar voru alveg frábærir og lærðu menn mikið af þeim þótt tímin væri ekki langur með þeim.

Einnig var gaman að sjá þyrluna taka þátt í svona verkefni og kynnast því hversu fjölhæf hún er.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Klippuvinna og flokkun slasaðra gekk mjög vel.

Samstarf allra aðila á vettvangi var mjög gott.

Síðast en ekki síst fannst okkur fjarskipti takast mjög vel.



Flugslysaæfing Þórshöfn 2009 - Skýrsla ráðgjafa.

| | |
|---|--|
| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar: |
| Rauði krossinn, vinna á söfnunarsvæði slasaðra. | Jón Brynjar Birgisson, Guðný Björnsdóttir |

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Þórshafnardeild Rauða krossins.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Söfnunarsvæði slasaðra.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Leggja hefði mátt meiri áherslu á að hafa aðstandendur á æfingunni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- Skyndihjálparkunnáttu var ábótavant hjá sjálfbóðaliðum Rauða krossins.
- Hjálparliðið var of fámennt. Hægt hefði verið að fá lítið sem ekkert þjálfað fólk í böruburð, skráningu og önnur einföld verkefni.
- Eitthvað var um að grænir kæmu án greiningarspjalda inn á söfnunarsvæði slasaðra.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Vel gekk að virkja fólk til að taka þátt í æfingunni sjálfri og fræðslunni á undan.
- Fræðslan náði vel til fólks og virtist hitta í mark, bæði til að þjappa hópnum saman og til að auka sjálfstraust.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- Samskipti við aðhlyningarstjóra voru til fyrirmyndar.
- Aldrei var nein örvænting þótt hópurinn væri undirmannaður.
- Skipualgið var gott á söfnunarsvæði slasaðra.

Flugslysaæfingin Þórshöfn 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

| | |
|------------------------|--------------------------|
| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar: |
| Rauði krossinn | Sóley Vífilsdóttir |

| |
|--|
| 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni |
| Rauði krossinn |

| |
|--|
| 3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð? |
| Bæði á slysstað og á söfnunarsvæði slasaðra. |

| |
|---|
| 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum. |
| Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: <i>Hefðum viljað fá upplýsingar fyrir um það hve margir leikarar áttu að taka þátt í æfingunni. Þær upplýsingar voru nokkuð á reiki.</i> <ul style="list-style-type: none">- <i>Úrbætur: Sá sem á að sjá um málefni leikara/sjúklinga á æfingunni (í þessu tilfalli Vigdís) ætti strax í upphafi undirbúnings að vera í beinu sambandi við þann aðila sem útvegar leikara.</i>- <i>Legg til að það sé fólk sem er fyrirfram tilbúið að vera með á svona æfingum sem sjúklingar. Gætu verið einhverjir á vegum RKÍ, aðrir frá Bjsv o.s.frv. Svo er það t.d. okkar að hafa samband og ítreka það við viðkomandi hvort þeir komi ekki til með að taka þátt í fyrirhugaðri æfingu.</i> |

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

| |
|--|
| <i>Fannst vanta betri samskipti á milli slysstaðs og söfnunarsvæðis, er þá að tala um á milli okkar innan RK. Við sem vorum á slysstað fengum ekki að vita þegar sjúklingum hafði fjölgað mikið á söfnunarsvæði sem leiddi til þess að skortur var á mannskap í aðhlyningu og skráningu.</i> <ul style="list-style-type: none">- <i>Munum á komandi æfingum taka með okkur talstöðvar sem deildin hér á svo samskipti verði betri.</i> |
|--|

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Við hjá RK deildinni fengum góða fræðslu frá þeim sem komu til okkar frá RKÍ. Einnig erum við einstaklega ánægð með þá fræðslu sem við fengum kvöldin fyrir æfinguna sem Flugstoðir skipulögðu, þá sérstaklega verklegu fræðsluna á föstudagskvöldinu. Lærðum mjög mikið af þessu. Frábært hve vel tókst að farða leikara, hvað undibúningur þeirra tókst vel og tók stuttan tíma miðað við fjölda leikara.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- Skipulag á slysstað til fyrirmyndar.
- Fengum strax góðar upplýsingar um hvar krafta okkar nyti best við þegar við mættum á svæðið. Aðhlyningarstjóri stóð sig frábærlega.
- Gott að fara aðeins yfir stöðuna á flugvellinum áður en farið var í mat. Gerði okkur enn betra fyrir að sjá hvað við vorum ánægð með og hvað var ekki nógu gott.
- Fannst gaman hve deildirnar unnu vel saman að því að láta æfinguna ganga sem best. Allir svo samstilltir.
- Rýnifundurinn í lokin mjög góður. Gott að heyra skýrslu allra viðbragðsaðila.



Flugslysaæfingin Þórshöfn 2009 - Skýrsla lausnaraðila.

| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar: |
|--|-------------------------|
| Björgunarsveitin Hafliði (með Bjsv. Pólstjörnunni) | Guðni Hauksson, 22/4-09 |

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Bjsv. Hafliði og Bjsv. Pólstjarnan ásamt Slökkvuliði, RK- liðum og starfsm. heilbrigðisstofnana.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Aðgerðastjórn

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Engar athugasemdir, greinilega prógram sem menn eru vanir að keyra. Mögulega að heimamenn mættu óska eftir skyndihjálparnámskeiði eða öðrum sérhæfðum námskeiðum. Vantaði kannski meira frumkvæði. Haldið var Tetranámskeið á vegum Landsbjargar nokkru fyrir æfingu sem var mjög gott, nokkuð margir af viðbragðsaðilum sem nýttu sér það.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Inngangur: Verkþættir Hafliða og Pólstjörunar:

- 1) Aðstoð við björgun á slysavettvangi.
- 2) Flutningur slasaðra á söfnunarsvæði-SS, (flutingsstjóri frá Hafliða)
Verþættir 1 og 2 var meginverkefni flestra bjsv. manna.
- 3) Aðstoð við umönnun á SS (fulltrúi með umönnunarstjóra)
- 4) Aðstoð flutning í flutningsfar.
- 5) Fulltrúi bjsv. í aðgerðarstjórn

Úrbætur:

- 1) Engar athugasemdir frá bjsv.- aðrir aðilar munu koma með punkta þar um.
- 2) –Skráning slasaðra af slysavettvangi og gæsla í höndum eins manns, gæslustjóra. Þar þyrfti jafnvel sérstakan aðila við skráningu (eða aðstoð við skráningu) því starf gæslustjóra virðist umfangsmikið.
-Einnig má nefna að ef raunverulegt slys yrði þarf gæslustjóri að skipa aðila(t.d. frá bjsv) til að stýra með harðri hendi umferð til og frá flugvelli en það reyndi lítið á það á æfingunni.
- Bretti kláruðust sem tafði flutning slasaðra af slysavettvangi á tímabili en það verður væntanlega leyst með aðföngum frá utanaðkomandi viðbragðsaðilum ef til kemur.
- Spuring hvort einhver þarf að sinna grænum sjúklingum og koma þeim af slysavettvangi. Þeir þvældust fyrir og voru jafnvel ósamvinnuþýðir. Þetta er verkefni sem er væntanlega auðvelt að leysa með flutningstækjunum meðan beðið er eftir að meira slasaðir verði

tilbúnir til flutnings.

3 og 4)

Þegar fer að líða á og stór hluti sjúklinga kominn í SS þarf að færa aðila frá slysavettvangi í SS til að aðstoða við umönnun og til að koma þeim í flutingsfar/flug. Á þessum tímapunkti var mikið álag á flutningsstjóra (var í böruburði) sem leiddi til misskilnings milli hans og gæslustjóra og sjúkrabíll fór af stað meðan flugvöllur var lokaður og lenti undir flugvél sem var að lenda.

5) - Kannski var beðið of lengi með að boða þriðju flugvélinu (Dash 8) en hún var sett í viðbragðsstöðu meðan beðið var eftir bráðabirgðaflokkun sjúklinga. Ég held að þetta hafi ekki tafið því nokkurn tíma tekur að undirbúa hana til brottfarar.

-Flokkun sjúklinga: Lögð var of mikil áhersla í upphafi að halda utanum litakerfið, hve margir rauðir o.fr. Síðan breyttist flokkunin á nokkrum sjúklingum (eftir að þeir voru komnir í SS) og utanumhaldið fór fyrir lítið. Aðal málið er að halda utanum heildarfjöldann á hverjum stað til að fylgjast með álagi og brottflutningi. Gróf litaflokkun í upphafi er samt nauðsynleg fyrir aðgerðastjórn til að skipulegga aðföng og brottflutning.

Annað: Setja prest í boðunarhóp. Hann fékk ekki boð fyrr en töluvert var liðið á æfinguna

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fimmtudagskvöldið var frábært og þarf að fá sem flesta þar, hvaða stöðu sem þeir gegna í æfingunni sjálfri. Aðrir undirbúningsfundir voru líka góðir, t.d. skrifborðsæfingin.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Fjarskipti voru góð og nær aldrei of mikið álag. Tetrakerfið fær +.

Flugslysaæfingin Þórshöfn 2009

| | |
|-----------------|-------------------|
| 1. Starfseining | Skýrsluritari/ar |
| Rýnifundur | Kristján Torfason |

Bjarni Sighvatsson Flugstoðum setti fundinn og kynnti dagskrá hans. Hann sagði að æfingin hafi tekist vel þrátt fyrir að verkefnið væri nokkuð yfirþyrmandi miðað við þann mannskap væri tiltækur á staðnum. Hann sagðist hafa sett nokkur atriði niður á blað og þar væri helst að geta að slökkvibíllinn varð vatnslaus nokkuð fljótt. Hann sagði að það væri varasamt að nota „monitorinn“ of mikið þar sem hann dældi miklu vatni á stuttum tíma og yrði þar af leiðandi fljóttur að tæma bílinn. Þetta væri atriði sem menn lærðu með tímanum og þrotlausum æfingum. Þá gat hann þess að gamli slökkvibíllinn hafi einnig komið á vettvang og hafi gengið ágætlega að nota hann. Hann sagðist hafa séð það að bíllinn stóð nokkuð frá verkefninu sem gerði það að verkum að slöngur náðu ekki nógu langt, eðlilegt hefði verið að einhver hefði tekið að sér að færa bílinn til að auðvelda slökkviliðsmanni vinnuna. Einnig sagðist hann hafa séð að menn voru að moka snjó á eldinn sem var bara góð lausn þegar allt vatn var á þrotum. Menn verða að notað þau úrræði sem eru til staðar hverju sinni. Flugstöðin var gerð klár fyrir SSS á mjög skömmum tíma. Þá gat hann þess að stjórnendur á SSS hafi ekki verið sérstaklega merktir en það væri mjög brýnt að þeir skeri sig úr sérstaklega þegar utanaðkomandi björgunarlið er komið á staðin og menn þekkjust ekki persónulega. Hann gat þess sérstaklega að aðhlyningarstjóri unnið sitt starf mjög vel og hafi verið sérstaklega rólegur og yfirvegaður. Þetta hafi einnig átt við þá sem undir honum störfuðu á SSS. Hann sagði að það væri vel hægt að æsast upp og fara að vinna hratt og þá óskipulega þegar mönnum fyndist verkefnið vera yfirþyrmandi. Það voru mikil þregnsli á SSS þar sem húsnæðið er ekki stórt. Stjórnandi á SSS verður að vera ákveðinn við að vísa þeim sem hafa ekki hlutverk við ummönun slasaðra út af SSS. Hann sagði frá því að það hafi verið sett TETRA stöð í flugturninn sem verður notuð í framtíðinni við boðun og önnur samskipti við Neyðarlínuna og sagði hann þetta mikla framför.

Vigdís Agnarsdóttir Flugstoðum sagði að þrátt fyrir slæmt útlit með leikara hafi endað með því að 18 tóku þátt í æfingunni. Alls hafi því verið 21 (með brúðum) fórnarlamb í flugvélinni sem væri mjög stórt verkefni fyrir ekki stærri stað en Þórshöfn. Hún hrósaði lausnaraðilum fyrir þeirra vinnu. Hún sagði frá því að leikara hafi mætt í förðun kl. 08:30 um morguninn og hafi dagurinn hjá þeim verið nokkuð langur en þeir hafi látið vel af allri meðferð sem þeir fengu hjá björgunarmönnum. Þeim fannst að vísu líða nokkuð langur tími þar til þeim var bjargað en það er ekki óeðlilegt miðað við stærð slyssins og fjölda björgunarmanna. Sá sjúklingur sem beið lengst eftir björgun var búinn að bíða í flakinu í u.þ.b. 2 tíma.

Bjarni Sighvatsson Flugstoðum gat þess að vettvangsstjórn hafi gefið upp að samkvæmt farþegalista væru 21 farþegi í vélinni. Honum fannst furðulegt hvernig vettvangsstjórn hafi haft þessa vitneskju þar sem farþegalistinn hafi allan tímann legið á borði flugrekandans í flugstöðinni.

Jóhann vettvangsstjóri útskýrði varðandi farþegalistann að vettvangsstjórn hafi verið í sambandi við aðgerðarstjórn og hafi fengið upplýsingar þaðan varðandi farþegafjölda og einnig að enginn hættulegur farmur væri um borð í vélinni. Hann

sagði að æfingin hafi tekist mjög vel. Smá miskilningur kom upp varðandi umferðarstjórnun á flugbraut þegar flugvél var að lenda en það skrifast á of mikið álagi á gæslustjóra.

[??] sagðist hafa verið í bílnum hjá vettvangsstjórn og hvaðst sammála vettvangsstjóra um það að æfingin hafi tekist mjög vel. Hann sagðist hafa verið viðstaddur nokkuð margar æfingar í gegnum tíðina og þessi hafi tekist vel á heildina litið. Samanborið við aðrar æfingar þar sem æfð eru óundirbúin viðbrögð við slysi þá eru þessar æfingar, þar sem allt er fyrirfram vitað og allir geta undirbúið sig fyrir það sem koma skal, miklu betri og skila miklu meiri árangri. Eitt af því sem ekki þurfti að sinn voru fjölmiðlar en þeir tóku ekki þátt í þessari æfingu. Hann sagði að það væri nauðsynlegt að sinna þessum þætti í raunveruleikanum, ekki væri hægt að útiloka þá. Annað sem ekki reyndi mikið á var umferðarstjórnun. Þessum þáttum þarf að sinna í raunveruleikanum og getur farið nokkur mannaflí í það. Vettvangsstjórn stóð sig mjög vel, unnu sín störf rólegir og yfirvegaðir.

[??] Rauða krossinum þakkaði fyrir frábæra æfingu en þetta var fyrsta æfingin sem hún tekur þátt í. Hún hrósaði Rauða kross fólki fyrir frábær störf á æfingunni allir hafi gengið rösklega að sínum verkum og allir hafi lært mikið af æfingunni. Hún sagðist hafa viljað sjá fleiri þátttakendur frá Rauða krossinum en mjög margir voru að heiman þennan dag. Ekki komu boð til Rauða kross fólks á vettvangi um að koma á SSS þegar vantaði fólk þar. Það má rekja til þess að talstöðvar Rauða krossins gleymdust. Öll fræðsla fyrir æfinguna skilaði sér mjög vel og allir lærðu mikið af henni og má þar t.d. nefna verklegu æfingarnar sérstalega. Hún þakkaði leikurum og förðunarfólki fyrir þeirra framlag og tók fram að betra skipulag hefði mátt vera fyrir æfinguna á hver ætti að sjá um öflun leikara. Ef hún ætti að taka það að sér þá vildi hún sjá um öll samskipti hvað það varðar. Hún sagði að gott væri að eiga skrá yfir þá einstaklinga sem væru alltaf tilbúnir til að leika sjúklinga.

Bjarni Sighvatsson Flugstöðum sagði að fjarskipti á æfingunni hafi gengið mjög vel. Hér áður fyrr hafi fjarskipti iðulega verið vandamál en með tilkomu TETRA hafi verið hægt að einfalda fjarskiptaskipulagið. Hann benti á að í flugslysaáætlun Þórshafnarflugvallar væri að finna fjarskiptaskipulag og ráðlagði hann mönnum að taka afrit af þeirri blaðsíðu og plasta hana og hafa hana við hendina. Þannig væri best að læra skipulagið.

Sólveig Þórshafnarflugvelli sagði að æfingin hafi gengið mjög vel. Hún sagði frá því að upphafleg boðun hafi komið frá flugturninum og nú hafi verið notuð nýja TETRA stöðin og það væri algjör bylting. Hún sendi boðun „F1-Rauður-Land“ fyrir Þórshafnarflugvöll og fór síðan niður og klæddi sig í slökkvigallann. Þá hafi Neyðarlínan kallað og beðið um viðbótar upplýsingar. Þetta er hægt með tilkomu TETRA en annars hefði Neyðarlínan þurft að reyna að ná símasambandi við flugvallarvörðinn. Hús sagðist hafa lagt mikla áherslu á að læra vel á nýja slökkvibílinn en þegar til kom var það gamli bílinn sem var hennar aðal vinnutæki þar sem nýji bílinn varð fljótlega vatnslaus. Starfsmaður flugfélagsins (Svala) gegndi störfum á „græna“ svæðinu þar sem var safnað saman þeim sem voru lítið slasaðir. Síðar var hún beðin um að vinna á „rauða“ svæðinu þar sem var mikið slasað fólk og var hún m.a. beðin um að taka lífsmörk. Henni fannst þetta óþægilegt þar sem hún hafði enga þekkingu á þessu. Fjarskiptin gengu mjög vel.

Ingimar Eydal sagði að mikilvægt væri að gæta þess að nota ekki monitorinn of mikið þar sem hann væri fljótur að klára vatnið á bílnum. Gamli slökkvibíllinn virkað vel og þar mátti sjá að handlínur virka afar vel, best væri að hefja vinnu með þeim sem fyrst. Einnig er mikilvægt að gæta þessa að koma að flakinu undan vindinum, það fer mikið vatn til spillis við það að sprauta upp í vindinn og að auki sjá menn lítið fyrir reyk ef komið er að flaki upp í vindinn. Klippivinnan gekk ágætlega en þar þarf að hafa í huga að tryggja stöðuleika flaksins.

Bára Benediktsdóttir sagði vegna fyrirspurnar varðandi boðunar á presti að búið væri að setja inn í boðunarkerfi neyðarlínunnar boðun á prestum samkvæmt skilgreiningu biskupsstofu.

Sigurður Hermannsson þakkaði öllum fyrir þátttökuna í æfingunni og sagði að eins og fram hafi komið hafi allir staðið sig mjög vel og æfingin gengið vel. Að því búnu sagði hann æfingunni slitið.

